

Sæll Arnaldur –

Ég ítreka það sem ég hef áður útlistað:

[Grein 4.1 í samþykktum](#) Frjálsa lífeyrissjóðsins tiltekur að: „**Stjórn er heimilt að ákveða að stjórnarkjör skuli fara fram með rafrænum hætti og skal þess getið í fundarboði. Í fundarboði skal þá tilgreina reglur um rafræna atkvæðagreiðslu til stjórnar. Rafræn kosning skal þá standa í eina viku fyrir ársfund og skal niðurstaða kynnt á ársfundi.**“

Á síðasta ársfundi 10. júní 2021 var felld breytingartillaga 1.b frá stjórn um að fella út úr samþykktum síðustu setninguna hér að ofan en breytingartillagan var studd eftirfarandi rökstuðningi á [glæru 22 í kynningu stjórnar](#) (sjá glærana neðst í þessum tölvupósti): „**Ef breytingin verður samþykkt getur kosning átt sér stað fyrir og eftir ársfund sem og á fundinum, allt eftir því hvað ákjósanlegast er hverju sinni.**“

Álit stjórnar í júní 2021 var því að samþykktarbreytinguna þyrfti til þannig að hægt væri að víkja frá rafrænu kosningunni fyrir ársfund eins og samþykktirnar tiltaka.

Ég vænti þess því að stjórnin verði samkvæm sjálfri sér og falli frá fyrirhugaðri ólögmati skriflegri kosningu á fundinum til viðbótar við þá rafræni kosningu sem nú stendur yfir og lýkur fyrir ársfund. Að öðrum kosti er verið að framkvæma stjórnarkjörið á grundvelli tillögu sem felld var á síðasta ársfundi.

Ef ætlun stjórnar er að halda til streitu - andstætt samþykktum sjóðsins - að hafa skriflega kosningu á ársfundi ofan í hina lögmatu rafrænu stjórnarkosningu fyrir ársfund, þá óska ég eftir að upplýst verði um eftirfarandi í upphafi fundarins og bókað í fundargerð:

- Heildarfjöldi sjóðfélaga sem mættir eru til fundarins og fjöldi umboða í þeirra hendi.
- Atkvæði á fundi til stjórnarkjörs: Heildar atkvæðamagn þeirra sem mættir eru (eigin atkvæði þeirra) og heildar atkvæðamagn eftir umboðum.
- Atkvæði á fundi vegna annara atkvæðagreiðslna: Heildar atkvæðamagn þeirra sem mættir eru (eigin atkvæði þeirra) og heildar atkvæðamagn eftir umboðum.

Þá er einnig farið fram á, að atkvæði greidd hverjum frambjóðenda verði tilgreind sundurliðuð eftir uppruna þeirra:

- Atkvæði greidd frambjóðanda rafrænt og atkvæði greidd frambjóðanda á fundi.

Framangreint er mikilvægt ef framkvæmd kosningar sætir nánari skoðun t.d. eftirlitsaðila eða dómstóla. Vinsamlegast upplýstu fundarstjóra um þessa ósk.

Afrit af tölvupóstinum er sent á Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands.

Kv. Yngvi.